

Konungskoman 1907

*„Aukinn skilning
mun hún færa oss,
þessi Íslandsferð“*

Heimsókn Friðriks VIII Danakonungs til Íslands 1907
Sýning í Þjóðarbókhöllu 31. maí - 1. september 2007

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn 2007

Ljósmyndir: Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðskjalasafn Íslands
Landsbókasafn Íslands
Mark Cohagen
Sigurður Skagfjörð Sigurðsson

Prófarkalestur: Eiríkur Þormóðsson
Hönnun kápu: Ólafur J. Engilbertsson
Umbrot: Ingigerður Guðmundsdóttir
Prentvinnsla: Prentmet ehf.
Prentun sýningarspjalda: Sýningakerfi

„Aukinn skilning mun hún færa oss, þessi Íslandsferð“
Heimsókn Friðriks VIII Danakonungs til Íslands 1907

31. maí – 1. september 2007



Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Ávarp forseta Íslands. Ólafs Ragnars Grímssonar



Þótt konungar Danmerkur ríktu um aldir yfir Íslandi og landið væri eitt helsta djásnið í veldi þeirra lögðust þeir lítt í langferðir til að sækja eyjuna heim. Hún var þeim fjarlæg og framandi, sveipuð dulúð og kynngikrafti.

Á sama hátt sáu Íslendingar konungana í hillungum; þeir voru prúðir afburðamenn, skrýddir pelli og purpura, kórónur gylltar og gimsteinar á hverjum fingri. Þeir fáu landsmenn, sem gengu breiðstræti Kaupmannahafnar og sáu hallir þar og hefðarsetur, fylltust djúpri lotningu; í samanburði voru kotin og kofarnir heima býsna lágreist og hrörleg.

Í raun er það óskiljanlegt að fáeinir námsmenn fátæktrar þjóðar skyldu um miðbik 19. aldar hafa kjark til að krefjast aukins réttar, ýta úr vör frelsisknerri sem að lokum sigldi Íslendingum í heila höfn meðal sjálfstæðra þjóða heims.

Á baráttuskeiði Fjölnismanna og Jóns Sigurðssonar var konungurinn friðhelgur. Sjálfstæðishreyfing 19. aldar krafðist þess aldrei að sagt yrði skilið við hann.

Þegar Friðrik VIII kom til Íslands fyrir 100 árum var hann baðaður ljómanum sem jafnan umvafði konungdóminn í hugum Íslendinga. Að auki sá þjóðin í honum sérstakan vin, bandamann í baráttunni við ráðherrana í Kaupmannahöfn.

Konungurinn brást ekki Íslendingum. Hin frægu orð um „réttlæti báðum ríkjum mínum til handa“ voru líklega fegursta setning sem Íslendingar höfðu nokkru sinni heyrt úr munni Danakonungs. Þau lýstu vel hrifnæmi Friðriks, áhrifunum af glæsilegum móttökum en voru um leið yfirlýsing um nýja stefnu, annan grundvöll en Danir höfðu áður samþykkt. Það fór hrollur um valdsmennina frá Kaupmannahöfn sem voru í fylgdarliði konungs.

Í langri sögu samskiptanna milli Íslands og Danmerkur skipar heimsóknin 1907 einstæðan sess. Þjóðin hefur fyrir löngu gefið henni sæmdarheitið „Konungskoman“ eins og þær hafi ekki verið fleiri.

Íslendingar gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að sýna konungi fullan sóma. Þeir voru þó um leið að áréttu kröfur sínar um aukinn rétt. Heimsóknin varð í raun sérstök blanda af þjóðhátíð og baráttufundi.

Íslendingar voru að segja við konung: Hér erum við, hollir þegnar, en treystum því að vinátta yðar færi okkur meiri rétt. Hér er þjóð sem á virðingu skilið og getur farið með eigið vald; þjóð sem sýnir yðar hátign ríkan sóma.

Heimsóknin gladdi konung og færði Íslendingum aukið sjálfstraust. Hún efldi andann sem í kjölfarið gæddi þá baráttu nýju lífi sem að lokum leiddi til sjálfstæðis.


Það er lán okkar Íslendinga að vinarhugurinn sem Friðrik VIII bar í brjósti til þjóðarinnar hefur mótað sambandið við Dani á okkar tímum.

Sonarsonur hans Friðrik IX varð fyrstur erlendra þjóðhöfðingja til að koma í opinbera heimsókn til Lýðveldisins Íslands og dóttirin, sem tók við af honum, Margrét II, hefur oft sótt Ísland heim, ber stolt Þórhildar nafnið og er ávallt reiðubúin að sýna Íslendingum mikla velvild.

Sýningin um heimsókn Friðriks VIII 1907 er því ekki aðeins kynning á merkmum kafla í samskiptum vinaþjóða heldur líka þakkargjörð til þeirra sem nú og áður hafa setið á konungsstóli í Kaupmannahöfn. Hún er vitnisburður um að Íslendingar meta mikils velviljann sem konungar og drottningar Danmerkur hafa jafnan sýnt eyþjóðinni í norðri.

Á næsta ári fáum við væntanlega tækifæri til að fagna Friðriki krónprinsi og Maríu krónprinsessu í sérstakri heimsókn þeirra til Íslands. Þá verða tilefni til að víkja aftur að frægðarför forföður hans og nafna.

Ég veit að Friðriki krónprinsi finnst sú saga forvitnileg. Það mun sýningargestum þjóðarbókhöfundunnar líka þykja.



Aðfaracrö

Um aðdraganda sýningarinnar „Aukinn skilning mun hún færa oss, þessi Íslandsferð“ er það að segja að hinn 29. júlí er liðin öld frá heimsókn Friðriks VIII Danakonungs til Íslands. Konungur kom ásamt Haraldi syni sínum og fjölda annarra gesta þann dag árið 1907 og dvaldist til 15. ágúst. Sama dag og Friðrik VIII konungur kom skipaði hann nefnd til að semja frumvarp að nýjum stjórnskipunarlögum fyrir Ísland. Árið áður hafði konungur boðið Hannesi Hafstein ráðherra og íslenskum þingmönnum til Danmerkur til að ræða samband Íslands og Danmerkur. Það dró því verulega til tíðinda fyrir Íslendinga í konungsheimsókninni.

Sýningin lýsir ferðum konungs um landið, en hvar sem hann kom var til þess tekið hversu alþýðlegur og ljúfmannlegur hann var. Myndir sýna aðbúnað, farskjóta, tísku og veður svo eitthvað sé nefnt en í texta er reynt að draga fram atburðarás og andrúmsloft þessa tíma. Það er gott til þess að vita að þjóðin hefur varðveitt margt frá þessari heimsókn sem er ómetanlegt þegar hennar er minnst hundrað árum síðar. Landsbókasafn nýtur góðs af því en Þjóðminjasafn Íslands, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Þjóðskjalasafn Íslands, Seðlabanki Íslands og Vegagerðin hafa lánað ljósmyndir og muni. Einnig hafa frú Sigrún Hafstein, Baldvin Halldórsson, Mark Cohagen, Sverrir Einarsson og afkomendur Sigurðar Kristmanns Pálssonar lánað safninu gögn. Landsbókasafn þakkar öllum þessum aðilum fyrir veitta aðstoð við gerð þessarar sýningar.

Þeir sem hafa komið að undirbúningi sýningarinnar eru Mark Cohagen, Jökull Sævarsson, Auður Styrkárstöttir og Helgi Bragason. – Hönnuður sýningarspjalda er Ólafur J. Engilbertsson en sýningarstjóri er Emilía Sigmarsdóttir.

Auk Landsbókasafns styrktu forsætisráðuneytið og Dansk-íslenska viðskiptaráðið sýninguna.

Jökull Sævarsson, sagnfræðingur

Íslandsheimsókn Friðriks víii Danakonungs árið 1907

Heimsókn Friðriks VIII Danakonungs til Íslands um sumarið 1907 er merkur atburður í Íslandssögunni. Alþingismannaförin til Danmerkur árið áður og velheppnuð Íslandsferð konungs og ríkisþingmanna jók gagnkvæm kynni ráðamanna og skýrði sameiginlega hagsmuni. Það má segja að með þessum tveimur heimsókn-um hafi hafist samningaferli sem síðar átti eftir að leiða til fullveldis Íslands 1918.

Þingmannaförin 1906

Árið 1874 varð faðir Friðriks VIII, Kristján IX, fyrstur danskra konunga til þess að sækja þegna sína á Íslandi heim. Tilfni heimsóknarinnar var að færa Íslendingum stjórnarskrá og var konungur viðstaddur hátíðahöld vegna þúsund ára afmælis Íslandsbyggðar. Mönnum þótti stjórnarskráin mikilvæg réttarbót þó að sumir teldu hana meingallaða. Eftir mikla baráttu fengu Íslendingar svo heimastjórn 1904 með innlendum ráðherra og þingræði.

Kristján IX lést árið 1906 og sonur hans tók við. Friðriki VIII voru málefni Íslands kunnug og hann var Íslendingum velviljaður. Það sýndi sig í viðræðum hans og Hannesar Hafstein Íslandsráðherra stuttu eftir að hann var krýndur. Báðum var kappsmál að koma á gagnkvæmum skilningi á milli þjóðanna tveggja. Konungur vildi veita Íslendingum meira formlegt sjálfstæði svo að þeir gætu til frambúðar unað sambandinu við Danmörku. Fyrsta skrefið steig Friðrik VIII þegar hann ásamt ríkisstjórn og þingi bauð öllum alþingismönnum til Danmerkur sumarið 1906. Allir þingmenn, sem höfðu tók á, þáðu boðið eða 35 af 40. Í þingmannaförinni hófust óformlegar viðræður um samningagerð og umbætur á sambandi landanna. Konungur boðaði síðan komu sína og danskra ráðamanna til Íslands árið eftir.



Friðrik VIII Danakonungur.

Alþingi endurgalt gestrisnina og bauð jafnmörgum dönskum ríkisþingmönnum til landsins með konungi.

Íslendingar bundu vonir við konungskomuna, fyrir hana var haldinn fjölmennur þingvallafundur að gömlum sið þar sem samþykktar voru kröfur um uppsegjanlegt jafnréttissamband þjóðanna eða skilnað ella.

Konungur kemur til Íslands

Ferð konungs og ríkisþingmanna til Færeyja og Íslands hófst stundvíslega kl. 2 eftir hádegi sunnudaginn 21. júlí þegar Birma, með konungsfánann við hún, og Atlanta, skip ríkisþingmanna, leystu landfestar við Kaupmannahöfn. Einnig lagði af stað beitiskipið Geysir sem fylgja skyldi konungsskipi. Annað beitiskip, Hekla, slóst í hópinn í Færeyjum. Í föruneyti konungs og Haraldar prins voru eins og áður sagði 40 ríkisþingmenn (í þeirra hópi var forsætisráðherra Dana, J.C. Christensen), blaðamenn og ýmsir tignar- og frammámenn í dönsku þjóðlífi.



Ferðamenn leggja upp í austurför á hestum frá Lækjartorgi 1. ágúst 1907. Í baksýn er Thomsens Magasín fátum skrítt vegna komu Friðriks VII. Ljós.: Magnús Ólafsson. LSR.

Þriðjudaginn 30. júlí eða níu dögum eftir að lagt af stað, með viðkomu Færeyjum, gekk konungur á land í Reykjavík. Allt var með hátiðabrag í bænum, hús voru skreytt og spari-klætt fólk á ferli. Í fjöldanum mátti sjá konur í þjóðbúningi, einkennisklædda embættismenn, danska og franska sjóliðsforingja, ræðismenn erlendra ríkja í viðhafnarbúningi, bændur, sjómenn og fleiri.

Friðrik VIII gekk upp Steinbryggjuna eftir rauðum flosdregli en við enda hans reis hár heiðursbogi, inngangur í bæinn. Hannes Hafstein ráðherra bauð konung velkominn og kynnti fyrir honum helstu embættismenn. Á bryggjunni voru meðal annars eftirtaldir meðlimir í móttökunefnd: Jón Jakobsson, landsbókavörður, Guðmundur Björnsson, landlæknir, Skúli Thoroddsen, ritstjóri, og Tryggvi Gunnarsson, bankastjóri. Síðan fylgdi Hannes konungi og fylgdarliði um götur til búsetu í latínuskólanum sem breytt hafði verið í konungsbústað og var fljótlega nefndur konungshöllin.

Í latínuskólanum undirritaði konungur þrenn lagafyrirmæli handa Íslendingum, ein um aðflutningsgjöld en hin varðandi útvegsfél. Voru það fyrstu lög sem staðfest

höfðu verið á íslenskri grund. Frá sama stað var ennfremur tilkynnt um að skipað yrði nefnd ríkisþingmanna og alþingismanna til þess að gera ráðstafanir til nýrrar löggjafar varðandi stjórnskipunarlega stöðu Íslands í Danaveldi.

Seinna um daginn var móttökuhátíð í Alþingishúsinu. Deginum lauk með stórrí veislu sem Íslandsráðherra og alþingisforsetar buðu til. Í ræðu konungs í veislunni fór hann nokkrum orðum um nýju nefndaskipanina:

Ég hefi erfitt ríkið sem einingu, og þá einingu skal varðveita frá kyni til kyns, en þann arf hefi ég og hlotið frá föður mínum, að Íslendingar skuli vera frjáls þjóð, er setji sér með konungi sínum þau lög, sem þeir eiga við að búa, og ofan á þá arfleifð er vilji minn að byggja frekara. Fyrir því hefi ég í dag skipað nefnd nokkurra góðra manna ríkisins, til þess að þeir geti rætt um stjórnskipulega stöðu Íslands í ríkinu, og fundið það fyrirkomulag, er frelsi Íslands megi við hlíta og viðhaldast, en eining ríkisins jafnframt í traustum skordum standa. Það er bæn mín til Guðs almáttugs, að hann leggi blessun yfir það, sem er þann veg til framkvæmdar ráðið, og að hann veiti mönnum ríkisins spekinnar anda, svo að þeir finni leiðir, er þjóðir mínar geti fetað og haldizt í hendur, samlyndar bæði í meðlæti og mótlæti, ef Guð vill að það eigi einnig fyrir oss að liggja. Verði það, getum vér einnig hitzt jafnan gladdir að mannfagnaði.

Frá Reykjavík til Þingvalla

Míðað við þau frumstæðu skilyrði til ferðalaga sem voru á Íslandi á þessum tíma var enginn hæðarleikur að skipuleggja vikulanga ferð um 200 manna riddaraliðs með konung í fararbroddi. Það þurfti að útvega nokkur hundruð hesta til að flytja menn og farangur. Einnig kerrur fyrir tjöld og matföng, hnakka, klyfsöðla, beisli og ferðakoffort. Það voru Axel Tulinius, sýslumaður Suður-Múlasýslu, og móttökunefndin sem sáu að mestu um undirbúning ferðarinnar. Leiðsögumenn voru meðal annars þeir Guðmundur Björnsson, landlæknir, og Jón Magnússon, síðar forsætisráðherra.

Árla morguns fimmtudaginn 1. ágúst var lagt af stað. Konungur og Haraldur prins stigu á bak reiðskjótum sínum við latínuskólann. Konungur klæddist bláum búningi sjóliðsforingja, bar derhúfu á höfði og gekk í hnéháum reiðstígvélum. Á meðan gerðu ríkisþingmenn sig ferðbúna fyrir framan Hótel Reykjavík. Sérhver þeirra hafði fengið að gjöf frá alþingi svipu og ferðabíkar til að hafa í ól um axlir. Ýmsir hinna eldri meðal þingmanna fengu sæti á léttivögnum á tveimur hjólum.

Það voru ekki bara konungur og ríkisþingmenn og föruneysi þeirra sem lögðu af stað til Þingvalla þennan fimmtudagsmorgun, stór hluti bæjarbúa hugsaði sér til hreyfings. Þegar konungur reið um götur bæjarins í austurátt fylgdi í kjölfarið 3-4 þúsund manna hópur ásamt hestum, kerrum og trússi. Víða á leiðinni til Þingvalla slógust ríðandi hópar bænda með í konungsfylgdina. Á hinn forna þingstað hafði aldrei haldið jafnstór fylking síðan á söguöld.

Leiðin lá upp hjá Rauðavatni og Geithálsi og síðan Hafravatnsveg í Djúpadal á Mosfellsheiði en þar byrjaði hinn eiginlegi Þingvallavegur. Ýmsar vegabætur höfðu farið fram á fyrirhugaðri leið konungs. Lagður hafði verið vagnfær vegur til Þingvalla og þaðan austur að Geysi og áfram í Þjórsártún. Menn höfðu búið við að konungur myndi ferðast um í vagni en hann vildi miklu frekar fara ríðandi á hestbaki. Friðriki VIII voru ætlaðir fjórir hvítir gæðingar, honum líkaði vel við tvo þeirra og reið þeim til skiptis. Við hlið hans var Hannes Hafstein, oftast á rauðskjöttum hesti sínum, Glæsi.

Þjóðhátíð á Þingvöllum

Eftir átta stunda ferðalag um sjöleytið hinn 1. ágúst kom konungsfylgdir til Þingvalla sem skörtuðu sínu fegursta. Þegar konungur reið niður Almannagjá höfðu fylkingar Dana og Íslendinga skipað sér í óslitna röð hægra megin vegarins. Síðan kallaði mannfjöldinn: „Lengi lifi konungur vor, Friðrik hinn áttundi!“ Og á eftir fylgdi nífalt húrta.

Á Þingvöllum voru risnar tjaldborgir, við Valhöll mátti sjá stór tjöld til borðhalds og vistar fyrir marga tugi gesta en þar norður af voru tíu tjöld alveg eins í laginu og voru þau ætluð fyrir fólk úr fylgdarliði konungs. Þá var búið að reisa tvö timburhús, annað mun minna. Litla timburhúsið var konungsskáli, íbúðarhús konungs, en það stærra gildaskáli sem nota átti til veisluhalds og sem næturstað fyrir ríkisþingmenn og nánasta föruneysi konungs.

Næsta morgun var farið að rigna en það aftraði konungi ekki frá því að ganga um Þingvelli í fylgd Björns M. Ólsens prófessors sem fræddi gestina um sögu staðarins.

Að loknum hádegisverði var blásið til mannsafnaðar. Þá átti þingheimur, hátt á sjötta þúsund manns, að raða sér í eina fylkingu og fara í Lögbergsgöngu í upphafi þjóðhátíðarhalds. Þegar konungur kom á Lögberg hófst þjóðhátíðin með ræðum og söng. Upphaf máls frá Lögbergi á þessari hátíðarstundu var konungsminni

Hannesar Hafsteins. Síðan flutti konungur ræðu. Á milli ræðuhalda söng kór ný kvæði eftir Matthías Jochumsson og Steingrím Thorsteinsson. Kappglíma helstu glímumanna landsins þótti hinum erlendu gestum afar skemmtilegt innskot í hátíðahöldin. Um kvöldið var hátíðarverður í gildaskálanum. Fyrir miðju borði sat konungur í hásæti og hafði hann J.C. Christensen forsætisráðherra sér til hægri handar en Hannes Hafstein til vinstri. Ragnheiður Stefánsdóttir Hafstein var eina konan sem sat veisluna.

Geysir og Gullfoss

Snemma morguns 3. ágúst lagði konungsfylgdin, um tvö hundruð ríðandi menn, af stað frá Þingvöllum. Fjöldi lausra hesta fór á eftir hópnum enda þurfti oft að skipta um á langri leið. Tvær konur voru með í för, það voru Ragnheiður Hafstein og ung dóttir Klemensar Jónssonar landritara. Farangur hafði farið á undan um nóttina ásamt matarbirgðum.

Það voru fleiri sem byrjuðu þennan morgun á því að tygja sig til brottferðar. Mannfjöldinn mikli sem sótti þjóðhátíðina á Þingvöllum hélt heim á leið til Reykjavíkur, ýmist fótgangandi eða á hestbaki. Nokkrir dönsku gestanna, sem treystu sér ekki til að sitja á hestbaki næstu daga, slógust í för með honum suður.

Konungsfylgdin reið um Skógarkotsveg og Gjá-bakkastíg. Áð var á Laugarvatnsvöllum undir Kálfs-tindum.

Við Geysi í Haukadal hafði stór skáli verið reistur handa ríkisþingmönnum inni á miðju hverasvæðinu. Aðeins ofar bjuggu konungur og Haraldur prins í minna húsi. Stórt tjald fyrir veisluhöld var á flötinni hjá Geysi, ekki langt frá sjálfum skálarbarminum.



Konungur gengur til Lögbergs. Í baksýn má sjá konungsbústað og gildaskálan. Ljós.: Pétur Brynjólfsson. Þjms.

Daginn eftir, eða 4. ágúst, gaus Geysir loks fyrir konung eftir að hundrað pund af Marseille-sápu höfðu verið sett í hann og þótti hinum erlendu gestum það tignarleg sjón. Eftir gosið flutti Þorvaldur Thoroddsen fyrirlestur um hin ýmsu náttúruundur Íslands.

Klukkan eitt þennan sama dag var blásið til brottferðar að Gullfossi og haldið af stað á góðum spretti. Eftir rúma klukkustundarferð kom konungsfylgdin að fossinum enda stutt leið frá Geysi að Gullfossi. Vegurinn að fossinum var aðeins mjóir troðningar eftir hesta og farið var yfir Tungufljót á bráðabirgðabré.

Eftir að hafa skoðað Gullfoss lá leiðin aftur að Geysi. Þar áttu menn að hvíla sig vel áður en lagt væri í langt ferðalag næsta dag suður á bóginn að Þjórsárbrú.



Danakonungur við Gullfoss. Við hlið hans er Rose Bruhn, rithöfundur og eini kvenfregnritari konungskomunnar. Skömmu áður en þessi mynd var tekin hafði Bruhn dottið af hestbaki og hlotið áverka á andliti. Ljós.: Magnús Ólafsson. LSR.

Búfjársýning við Þjórsárbrú

Þegar konungur var að kveðja hverasvæðið að morgni 5. ágúst gaus Strokkur skyndilega eftir 11 ára dvala og þótti mönnum það mjög merkileg tíðindi.

Leiðin lá yfir nýja brú á Hvítá og eftir eystri bakka árinna um nýruddan veg meðfram hæðadrögum. Frá Geysi að Þjórsárbrú átti að fara á einum degi, lengsta áfanga ferðalagsins. Frá Þjórsárbrú liggur síðan þjóðbraut vestur til Reykjavíkur en þá leið skyldi konungsfylgdin fara síðasta dag ferðarinnar.

Á leiðinni átti að skoða sveitabæi og kynnst búskaparháttum bænda við akuryrkju og kvikfjarrækt á einu mesta landbúnaðarsvæði Íslands. Bærinn Skipholt var meðal annars skoðaður en hann var nýtísku sveitabær með reisulegum timburhúsum. Heldur þótti hinum erlendu ferðamönnum íslenskur landbúnaður skammt á veg kominn. Sömu leiðis þótti sérstakt í meira lagi að plógar, herfi, rakstrarvélur og önnur álíka hjálpartæki voru óþekkt hugtök í kolli ýmissa bænda.

Mánudagskvöldið 5. ágúst komu konungur og fylgdarlið að Þjórsárbrú. Þar stóð stór tjaldborg en fjöldi bænda hafði stefnt þangað á konungsfund og jafnframt til að skoða búfjársýningu sem halda átti næsta dag. Á sýningunni fékk konungur að skoða sauðfé, nautpening og hesta auk þess sem íslensk smjörframleiðsla var kynnt fyrir honum.

Þegar lagt var stað til Reykjavíkur eftir hádegi 6. ágúst riðu konungur og Hannes Hafstein í fararbroddi hlið við hlið. Þegar fylkingar fóru yfir hengibrúna á Þjórsá þurfti að gæta varúðar en svo hleyptu menn á sprett eftir rennisléttum þjóðvegi sem lá beint í vestur í áttina til Reykjavíkur. Stefnan var tekin á Ingólfsfjall. Eftir tveggja stunda ferð kom konungsfylgdin að brúnni á Ölfusá við Selfoss. Gist var á bökkum Ölfusár við Arnarbæli.

Daginn eftir var lagt á Helligshéiði. Áð var á Kolviðarhóli en frá honum til Reykjavíkur er fimm klukkustunda reið. Á Kolviðarhóli hélt Friðrik VIII ræðu þar sem hann sagði meðal annars: „Látum þessa ferð tengja fast band milli hinnar íslensku og hinnar dönsku þjóðar og mín! Markmið mitt er sannleikur og réttlæti báðum ríkjum mínum til handa.“ Orð konungs um „bæði ríkin sín“ vöktu mikla athygli meðal Dana og Íslendinga. Eftir heimkomuna til Danmerkur tók forsætisráðherra málið upp og hótaði að fara frá völdum nema konungur ómerkti orð sín. Konungur varð við því og sagðist hafa mismælt sig, hann hafi ætlað að segja „bæði löndin mín“.

Aftur í Reykjavík

Reykvíkingar tóku vel á móti konungi og föru-neyti hans þegar hann kom aftur til bæjarins miðvikudaginn 7. ágúst eftir viku ferðalag um landið. Sægur karla og kvenna á hestbaki slóst í för með konungsfylgdinni síðasta spölinn. Það má segja að ferðamennirnir hafi litið út eins og flakkaralýður því sumir þeirra voru að nokkru leyti óþekktanlegir af völdum ryks og óhreininda eftir langa reið.

Daginn eftir komuna til Reykjavíkur fór konungur í skoðunarferð í dómkirkjuna, ýmsa spítala bæjarins og hegningarhúsið. Á síðastnefnda staðnum náðaði hann unga stúlku, Jónu Ágústu Jónsdóttur, sem hafði fyrirfarið barni sínu og átti að fara



Hannes Hafstein og Friðrik VIII á Kambabrún.

að afplána 4 ára betrunarvist. Að lokum var farið í heimsókn til elsta íbúa Reykjavíkur, Páls Melsteð, 95 ára að aldri. Gladdi þessi virðingarovottur gamla manninn svo mjög að hann kyssti hönd konungs hvað eftir annað.

Dansveislan í barnaskólahúsinu um kvöldið var aðalviðburður dagsins. Ungu stúlkurnar í Reykjavík höfðu hlakkað til hennar mánuðum saman svo og allir þeir sem gátu ekki á annan hátt komist í námunda við hans hátígn. Þegar konungur kom til fagnaðarins í fylgd með Haraldi prinsu var fyrir í veglegum veislusal mikil þröng af kvenfólki í skrautlegum þjóðbúningum og karlmönnum í kjólfötum eða einkennisbúningi.

Loks rann upp síðasti dagur Reykjavíkurdvalar konungs, föstudagurinn 9. ágúst. Í síðasta veislufagnaðinum áður en hann yfirgaf bæinn hélt Friðrik VIII ræðu þar sem hann bað viðstadda að minnast þingmannafararinnar árið áður. Með henni hefðu myndast meiri tengsl milli Íslendinga og Dana en mörg undanfarin ár hefðu megnað að skapa. Konungur sagði einnig:

Að svo tókst til um betri kynni, þakka ég þremur merkisatburðum, en það eru alþingismannaförin til Danmerkur, lagning sæsimans til Seyðisfjarðar og loks heimsókn ríkisþingmanna og mín til Íslands nú í ár. Það er von mín innileg, að þessir samfundir efla möguleika á samstarfi í sambandslaganefndinni, sem sett var á laggirnar til að ryðja úr vegi hugsanlegum misskilningi og búa í haginn fyrir framtíðina. Megi störf sambandslaganefndarinnar verða mínu ástkæra Íslandi og ríkisheildinni til blessunar. Ísland lifi!

Vestfirðir og norður með landi

Íslandsheimsókn konungs var ekki lokið þótt hann yfirgæfi Reykjavík. Á leiðinni heim til Danmerkur ætlaði hann að koma við á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

Konungsskipið Birma, farkostur ríkisþingmanna, Atlanta og fylgdarskipin tvö, Hekla og Geysir tóku stefnuna á Snæfellsjökul, síðan út yfir Breiðafjörð til Vestfjarðakjálkans. Þegar komið var að Önundarfirði var ákveðið að njóta þar næðis um nóttina. Varpaði konungsflotinn síðan akkerum á góðu skipalægi fyrir framan Flateyrarkauptún. Konung langaði til að skoða þorpið og fór hann í land ásamt Hannesi Hafstein sem fylgdi konungi sem fyrr. Gengu þeir saman um þorpið og skoðuðu meðal annars minjar um hvalveiðar Norðmanna frá staðnum.

Konungsflotinn kom til Ísafjarðar fyrri part sunnudagsins 11. ágúst. Ísfirðingar komu til móts við flotann á meira en 80 bátum, nýmáludum og tandurhreinum með

fálkamerki í framstafni og danska fánann aftur á. Þar sem sumrin voru einn mesti annatími sjómanna á Íslandsmiðum þótti hinum tignu gestum sérstaklega vænt um þennan virðingavott.

Ísfirðingar tóku konungi með kostum og kynjum. Á Ísafirði snérist allt um saltfisk og verkun hans og skoðaði konungur m. a. saltfisksverkunarstöð Ásgeirs Ásgeirssonar.

Daginn eftir kvaddi konungur Ísafjörð og skipin brunuðu norður Grænlandshaf. Eftir að þau höfðu farið hjá Hornbjargi var stefnan tekin í austur til Eyjafjarðar og Akureyrar.

Þriðjudaginn 13. ágúst varpaði konungsflotinn akkerum á Akureyrarhöfn og í viðhafnarskyni hleyptu herskipin af fallbyssum sínum.

Móttökuhátiðin á Akureyri heppnaðist mjög vel og var sennilega sú allra hátiðlegasta í Íslandsförinni. Það má segja að ungdómurinn hafi boðið konung velkominn til Akureyrar. Hinir tignu gestir gengu milli raða barna í hvítum búningum sem lagðir voru rauðu eða bláu skrauti. Við innganginn á Góðtemplarahúsinu tóku 20 ungar stúlkur í þjóðbúningi á móti konungi. Eftir móttökuathöfnina var konungi boðið í útreiðartúr inn eftir Eyjafirði. Við Hrafnagil var efnt til hátiðarsamkomu og voru þar saman komin rúmlega þúsund manns með hesta sína. Þegar konungur og ríkisþingmenn komu til bæjarins að aflokinni Hrafnagilsferð fóru þeir beint á skipsfjöl.

Á leiðinni frá Akureyri sigldi konungsflotinn norður fyrir heimskautsbaug og var því fagnað með húrrahrópum og fallbyssuskotum. Stuttu seinna sigldu skipin norður fyrir Melrakkaslétu.

Aðeins átti að nota einn dag til heimsókna á Austfjörðum. Hann var nýttur til að fara í land á Seyðisfirði en þangað höfðu Austfirðingar fjölmennt að hitta konung. Þar var gestunum gerð höfðingleg móttaka, líkt og á Ísafirði og Akureyri.

Fimmtudaginn 15. ágúst fór konungsflotinn frá Seyðisfirði, síðasta viðkomustaðnum á Íslandi. Nokkrar stundir liðu áður en skipin létu úr höfn. Hannes Hafstein fór síðastur allra Íslendinga frá borði. Honum fylgdu húrrahróp til heilla sem konungur hóf sjálfur. Síðan sigu skipin af stað út úr firðinum og tóku stefnuna til Danmerkur. Á leiðinni var þó ákveðið að hafa stutta viðkomu á Sognsæ í Noregi.

Meira en tveggja vikna Íslandsheimsókn Friðriks VIII Danakonungs var lokið.



Konungur stígur á land á Seyðisfirði.

Heimildir

Guðjón Friðriksson. *Ég elska þig stormur. Ævisaga Hannesar Hafstein.* Reykjavík 2005.

Helgi Skúli Kjartansson. *Ísland á 20. öld.* Reykjavík 2002.

Kristján Albertsson. *Hannes Hafstein. Æfisaga.* 2. bindi. Reykjavík 1985.

Svenn Poulsen og Holger Rosenberg. *Íslandsferðin.* Reykjavík 1958.

Örn H. Bjarnason. Konungskoman árið 1907. *Heima er best* 53. árg., 3. tbl., mars 2003, bls. 122-127.

<http://heimastjorn.is/heimastjornartiminn/thingmannaforin-og-konungskoman/>

Vegagerð við erfðar aðstæður

Þegar ákveðið var að konungur myndi leggja land undir fót í Íslandsheimsókn sinni 1907 var ljóst að gera þyrfti stóratök í vegamálum landsins. Hluti leiðarinnar sem fyrirhugað var að fara var ekkert nema þröngar og ógreiðfærar reidgötur. Ýmsar vegabætur þurftu því að fara fram. Vegagerðin fyrir konungskomuna var mikið framtak því ekki var hægt að notast við annað en handaflíð. Skóflur og hakar voru helstu verkfærin sem notuð voru til að ryðja leið gegnum hraun og kjarrlendi. Kostnaður vegna vegagerðarinnar var um 14% af ársútgjöldum ríkissjóðs.

Sigurður Kristmann Pálsson var einn af vegagerðarmönnum. Hann fæddist 13. febrúar 1886 og lést 6. janúar 1950. Hann lét eftir sig handrit þar sem hann lýsir vegagerðinni. Hér á eftir eru birt brot úr því með góðfúslegu leyfi ættingja Sigurðar.

Vorið 1907 réði eg mig til vegagjörðarvinnu í Þingvallahrauni; hugði eg gott til fararinnar á margan hátt; einkum þráði eg að kynnast betur hinum forna sögustað landsins.

Þar vissi eg og að andrúmsloftið var óspilt af kolareyk og hlandforarólyfjan, eins og nú tíðkast það í höfuðstað vorum, og þótt þessi daunillu efni séu blönduð öðrum ilmrikkari efnum, er gjöra bæjarlífið svo aðlaðandi fyrir þorra manna, þá bætir það lítið úr skák.

Þá þótti mér verkið og göfugs edlis, þareð það var hvorki meira né minna en greiða götu konungs vors, er þetta sumar skyldi heimsækja landið; og þótt hann hafi ekki, það eg til veit, greitt götu mína í lífsbaráttunni, að neinu leyti, enn sem komið er þá fann eg þó skyldu mína í þessu efni sem aðrir góðir menn er götu hans greiddu að einhverju leyti.

Sögukorn þetta mun ekki verða auðugt af stórhrikalegum viðburðum, en það fylgir jafnan þeim sögum er sannar eru.

Um 6 tugir manna voru í Þingvallahrauni, þá er flestir voru. Var þeim skift í flokka, og hafði hver flokkur sína búð. Eigi voru jafnmargir í flokki. Voru flestir 7 en fæstir 3. Als voru þar 9 búðir, auk einnar er geymd voru í vopn og annar útbúnaður, er þurfti til að ryðja úr vegi björgum og blágrýti, og öðru illþýði, er þar var nóg af.

Yfir hvern flokk var settur foringi eða flokkstjóri. Hann skyldi stjórna atlögum öllum úr sínum flokki; svo og hrópa heróp manna, en það var það sama yfir allan herinn, og var: „Klukkan.“

Guðjón Bachmann ... var til þess kjörinn af aðalhöfðingja verklegra framkvæmda í landssjóðsþarfir, Jóni Þorlákssyni, að mæla veginn frá Þingvöllum að Brúarhlöðum við Hvítá. Þar að auki skyldi hann setja upp steina við hverja 5 kílómetra (kílómetra-steina). Sér til aðstoðar þurfti hann einn mann. Var af hans hendi útvalinn Sigurður Pálsson, skýjaglópurinn, sem fyr var nefndur og höfundur sögu þessarar. ...

Þegar að Hrafnagjá var komið byrjaði mælingin, og fórum við þá með sæmilegum hraða yfir landið; sem ég skal nú skýra betur.

Annar okkar sté nú af baki, en hinn tók við reiðhesti hans og klyfjahestinum. Þarnaest tók sá fyrrnefndi mælistikuna í hönd sér og tók að mæla.

Mælistikan var þannig útbúin: að skeyttar voru saman tvær grannar tréálmur þannig að bilið á milli þeirra neðst var 2 metrar. Mjókkaði það stöðugt er ofar dró, þar til það hvarf í odda þeim er þær voru skeyttar saman í. Uppaf samskeytunum var sívöl spýta eða handfang.

Var nú stikunni snúið í hendi sér, líkt og þegar hringmáli er snúið (cirkli). Taldi sá er gekk metrana, þar til komnir voru 50. Lét hann þá uppi töluna við þann er á eftir var með hestana, og færði hann hana samstundis í bók er hann hélt á. Hann varð því ávallt að vera á hælum þess er mældi, en aldrei fara á undan.

Er nú auðskilið að hægt hefir verið farið, og að vinnan var fremur hæg fyrir þann er sat, og hestana.

Hvarflaði þá oft hugur minn til félaganna í Þing-

vallarhrauni, er nú urðu að þola hinn brennandi sólarhita við erfiða vinnu, en ég gat notið góðviðrisins á hinn þægilegasta hátt.



Konungsfylgdin ríður um Laugarvatnsvelli. Ljós.: Magnús Ólafsson. LSR.

Frelsisárið mikla Afkonum og kvenréttindum 1907

Það er ekki ofmælt að segja að vindar framfara og frelsis hafi blásið um Ísland árið 1907 þegar Friðrik konungur VIII sté hér á land. Þessar breytingar náðu einnig til kvenréttindamála. Dætrum hafði verið veittur sami erfðaréttur og sonum árið 1850 og ekkjur og ógiftar konur, sem ekki voru öðrum háðar sem hjú og guldu tiltekinn skatt, höfðu fengið kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum árið 1882, og sömu konur fengu kosningarétt við prestkosningar árið 1886. Sama ár fengu stúlkur rétt til þess að gangast undir próf í Lærða skólanum, Prestaskólanum og Læknaskólanum, en ekki máttu þær sitja í skólanum og fengu hvorki rétt til námsstyrkja né embættu. Giftar konur urðu fjár síns ráðandi um aldamótin og frá árinu 1904 urðu ekkjur og ógiftar konur kjörgengar í sveitarstjórnir og safnaðarnefndir og sama ár fengu stúlkur aðgang að Lærða skólanum.¹

Próuinin hér á landi gekk í sömu átt og annars staðar austan hafs og vestan, þótt Ísland væri enn að mörgu leyti bændasamfélag og iðnvæðing og þéttbýlismyndun hefðu lítið sett mark sitt á landið. Hingað bárust stefnur og straumar erlendis frá og Íslendingar, karlar og konur, voru fljótir að tileinka sér nýjar hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd. Fjórir kvennaskólar störfuðu í landinu þegar hér var komið sögu og hafði sá fyrsti verið stofnaður árið 1874 í Reykjavík með stuðningi frá Danmörku. Kvenfélög voru byrjuð að skjóta upp kollinum og Hið íslenska kvenfélag, sem stofnað var árið 1894, lét réttindamál kvenna til sín taka, m.a. með söfnun undirskrifta um land allt undir áskorun til þingmanna um að samþykka frumvörp um réttindi kvenna sem þá lágu fyrir þinginu. Alls rituðu 2348 konur víðs vegar að af landinu nöfn sín undir áskorunina.² Tvö kvennablöð höfðu lítið dagsins ljós, bæði stofnuð í ársbyrjun 1895, og lifði annað þeirra, Kvennablaðið, enn góðu lífi árið 1907. Það var vinsælt meðal kvenna og var boðberi nýrra tíma.

Ritstýra Kvennablaðsins var Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856-1940). Árið 1904 hélt hún í fimm mánaða ferðalag um Norðurlöndin og komst í kynni við þarlendur kven-

1 Sjá t.d. Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna* (Reykjavík 1998).
2 Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1992* (Reykjavík 1993), s. 26.

réttindakonur. Árið 1906 sótti Briet Þing International Woman Suffrage Alliance í Kaupmannahöfn og drakk þar meðal annars í sig þann boðskap að kosningarétturinn væri undirstaða allra annarra réttinda.³ Heim komin hófst Briet þegar handa. Hún gekkst fyrir stofnun sérstaks kosningaréttarfélags kvenna, Kvenréttindafélags Íslands, og var það stofnað í lok janúar 1907. Briet var einnig félagi í Bláðamannafélaginu, og í apríl boðaði það félag til borgarafundar um almennan kosningarétt til bæjarstjórnar Reykjavíkur. Ekki er ólíklegt að Briet hafi átt frumkvæðið að þessum fundi, í það minnsta lét hún þar nokkuð til sín taka. Fund Bláðamannafélagsins sóttu um 500 manns og þar var samþykkt með lófataki tillaga frá Guðmundi Björnssyni landlækni og öðrum tveggja þingmanna Reykvíkinga um að giftar konur í Reykjavík fengju kosningarétt.

Skömmu síðar var boðað til fundar í stjórnmalafélaginu Fram, félagi Heimastjórnarmanna, en það var flokkur ráðherrans, Hannesar Hafstein. Þar var samþykkt ályktun frá áðurnefndum þingmanni Reykvíkinga, Guðmundi Björnssyni, um að allir bæjarbúar skyldu hafa kosningarétt í bæjarmálum, svo framarlega sem þeir þægju ekki af sveit og hefðu óflekkað mannorð.

Í júní sama ár boðuðu þingmenn Reykjavíkur, þeir Tryggvi Gunnarson bankastjóri og Guðmundur Björnsson landlæknir, til þingmálafundar í Reykjavík. Þar var samþykkt með 137 samhljóða atkvæðum svofellð ályktun: „Fundurinn aðhyllist almennan kosningarétt, sem nái jafnt til kvenna sem karla.“ Þessir sömu þingmenn báru síðan í júní upp frumvarp á Alþingi sem kvað á um að konur kjósenda í Reykjavík hefðu kosningarétt, þótt þær væru eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins. Þingið samþykkti þetta frumvarp og annað til sem veitti konum kjósenda í Hafnarfirði sama rétt. Þessi lög gengu í gildi 1. janúar 1908. Kvenfélagin í Reykjavík með Kvenréttindafélag Íslands í fararbroddi buðu fram sérstakan kvemnalista við kosningarnar til bæjarstjórnar í febrúar sama ár og voru fjórar konur kjörnar af þeim lista, hinar fyrstu til að taka þar sæti.

Í stuttu máli sagt þá hafði myndast í landinu á árinu 1907 víðtæk samstaða um réttindi kvenna og þótti nú bæði sjálfsagt og eðlilegt að



Konur fá jafurétti.
Alþingissafn. Alþingismál 1907 II.
Þjóðskjalasafn Íslands.

3 Sjá Auður Styrkársdóttir, *From Feminism to Class Politics. The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík, 1908-1922* (Umeå 1998), s. 63-66.

konur fengu umbeðinn kosningarétt og bæru síðar fram sérstaka lista við kosningar. Þetta átti eftir að breytast aðeins tveimur árum síðar, en á því ári, sem hér er til umræðu, gekk kvennabaráttunni allt í haginn. Segja má að bylga kvenfrelsis hafi borist um landið og vart látið nokkra konu ósnortna. Hið íslenska kvenfélag gekkst fyrir undirskriftasöfnun um allt land meðal kvenna til aukinna réttinda þeirra. Í áskoruninni var farið fram á fullkomið jafnrétti kvenna og karla í hvívetna. Þessar undirskriftir voru afhentar Alþingi í ágúst og höfðu þá rúmlega 11 þúsund konur ritað þar nöfn sín.⁴ Vafalítið hefur undirskriftasöfnunin ýtt undir umræður um kvenréttindamálið og stuðlað að vitundarvakningu meðal kvenna.

Sama ár og hér, þ.e. árið 1908, fengu konur í Danmörku rétt til þess að kjósa í sveitarstjórnarkosningum. Sá réttur var óbundinn hjúskaparstöðu og skattgreiðslum og náði til kvenna í öllum bæjum og sveitum. Hér á landi náðu konur í raun ekki sömu stöðu fyrr en árið 1926, þegar kosningareglur voru samræmdar um land allt og síðasta misrétti þegnanna útrýmt. Athyglisvert er einnig að réttindin í Reykjavík og Hafnarfirði fólu í sér þrengri rétt en þann sem kjósendafundirnir kröfðust. Efri deildar þingmenn ljáðu ekki máls á öðru en þrengja þennan rétt, en þeir gátu stöðvað lagafrumvörp ef þeim sýndist svo.

Munurinn á Danmörku og Íslandi kom fram á fleiri sviðum. Þriðji bekkur Kvennaskóla Reykjavíkur var festur á filmu veturinn 1905-06, en þessi bekkur útskrifaðist úr skólanum vorið 1907. Þá var nýbúið að veita stúlkum heimild til þess að setjast í hinn Lærða skóla. Í Danmörku höfðu stúlkur hins vegar getað numið við slíka skóla í 30 ár. Meðal nemendanna í Kvennaskólanum var Júlíana Sveinsdóttir, fædd í Vestmannaeyjum árið 1889 og sleit þar barnsskónum hjá móður sinni, en foreldrar hennar skildu er hún var átta ára. Hún kom til Reykjavíkur árið 1905, þá 16 ára gömul, og settist í Kvennaskólann og bjó hjá



1. Júlíana Sveinsdóttir
2. Jónína Samúelsdóttir
3. Sigríður Kristjánsdóttir
4. Soneilja Sigrúardóttir
5. Sigríður Þorsteinsdóttir
6. Jafnfríður Pétursdóttir
7. Ragnheiður Jónsdóttir
8. Margrét Jónsdóttir
9. Gufrón Guðmundsdóttir
10. Jóna Þóðleifsdóttir

Þriðji bekkur Kvennaskólans í Reykjavík veturinn 1905-1906. Júlíana Sveinsdóttir stendur yst til vinstri. Ljós.: Kvennaskólinn í Reykjavík.

⁴ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, s. 64.

föður sínum á meðan, Sveini Jónssyni trésmíðameistara sem síðar var gjarnan kenndur við timburverslunina Völund. Sveinn var mikill áhrifamaður innan bindindishreyfingarinnar og skipaði lista Goodtemplara í bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík árið 1908. Hann sat því í bæjarstjórn með þeim Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, Þórunni Jónassen, Guðrúnu Björnsdóttur og Katrínu Magnússon. Sveinn lét annars sannfærast af orðum skólastýru Kvennaskólans, Ingibjargar H. Bjarnasonar, að dóttir hans, Júlíana, væri búin óvenjulegum hæfileikum á sviði dráttlistarinnar. Að áeggjan Ingibjargar kom Sveinn henni í nám hjá Þórarni B. Þorlákssyni listmálara, og þar hófst langur og farsæll listamannsferill þessarar ungu stúlku. Þetta er ekki eina dæmið um áhrif Ingibjargar H. Bjarnason á lífshlaup einstakra nemenda, og síst ofmælt að segja að kvennaskólarnir hafi haft varanleg áhrif á flesta nemendur og átt sinn þátt í að vekja íslenskar konur til vitundar um stöðu sína. Ingibjörg var mikil kvenréttindakona og var kjörin af kvennalista á þing árið 1922, fyrst kvenna.

En víkjum aftur að árinu 1907 og konungskomunni. Áður en kóngur sté á land höfðu semsé stærsta kosningafélagið í Reykjavík og tveir fjölmennir kjósendafundir samþykkt áskoranir til Alþingis um að samþykkja kosningarétt kvenna. Breytingar lágu í loftinu hvað þetta varðar. Ég hygg að konungskoman sem slík hafi fært Íslendingum heim sanninn um að breytinga væri að vænta hjá þjóðinni á öllum sviðum. Komunni fylgdi nefnilega mikið umstang og Íslendingar komust nú í kynni við ótal útlendinga, bæði danska, franska og þýska, og fundu líka að þeir voru þess verðir heim að sækja. Kannski fundu landsmenn einnig það sem meira var: þeir kunnu að taka á móti þannig að sómi var að.

Í konungsflotanum voru þrjú stór skip með miklum mannfjölda um borð. Konungsskipið Birma rúmaði alla háttsetta, Atlanta hýsti 40 danska þingmenn og beitisnekkjan Geysir var sömuleiðis fjölmenn. Til Reykjavíkur kom hátt á þriðja tug ferðamanna frá Kaupmannahöfn með gufuskipinu Sterling til að fylgjast með konungi og skemmtiferðaskipið La Cour flutti á fjórða tug ferðamanna til Reykjavíkur sömu erinda. Þvílíkur fjöldi útlendinga hafði aldrei fyrr sést í Reykjavík eða nágrenni, og mikið þurfti að hafa við bæði í mat og drykk. Latínuskólinn var tekinn undir konung og fylgdarlið hans og Hótel Reykjavík hýsti þingmennina. Blaðamenn og aðrir urðu að láta sér nægja hið vínlausa Hótel Ísland, en templarar höfðu keypt það árið 1906 og var áður nefndur Sveinn Jónsson einn helsti hvatamaður þeirra kaupa. Allur sá mikli mannfjöldi, sem fylgdi konungi, varð að fá bæði mat og drykk.

Með konungi kom veitingamaðurinn Pagh ásamt Jensen yfirþjóni og fróken Lambertsen framreiðslusérfræðingi. Veitingamaðurinn fékk sér til aðstoðar vaska

sveit framreiðslustúlkna, sem Pétur Brynjólfsson ljósmyndari festi á filmu. Meðal þeirra var Júlíana Sveinsdóttir og sömuleiðis systir hennar, Sigurveig, tveimur árum eldri.⁵ Þessi hópur sá um að gera konungi og öðrum boðsgestum sem best til hæfis í mat og drykk og ávann sér lof danskra blaðamanna að minnsta kosti, sem fóru mörgum fögrum orðum um frammistöðu þeirra, m.a. í bók tveggja þeirra, *Islandsfærden*.⁶ Þessar stúlkur þurftu að vinna hörðum höndum, m.a. þurftu þær að afloknum veislum í Reykjavík að halda áleiðis til Þingvalla og byrja á því að reisa tjöld við Miðdal þar sem konungur og fylgdarlið áðu daginn eftir og þágu veitingar. Að því búnu þurfti hópurinn að þvo upp og ganga frá öllu og halda til Þingvalla og undirbúa þar veglegan kvöldverð. Framreiðslustúlkurnar lögðust í viku ferðalag til að geta þjónað hópnnum er hann virti fyrir sér Þingvöll, Geysi, Gullfoss og Þjórsártún áður en hann sneri aftur í bæinn. Þetta ferðalag hlýtur að hafa verið ungu stúlkunum mikið ævintýri, þótt þær væru á kafi í vinnu allan tímann. Samtímaheimildir segja að 4.900 manns hafi gengið yfir brúna á Almannagjá daginn sem konungsfylgdin hafði þar viðdvöl, 2. ágúst 1907, og að hálf túsund þúsund manna hafi þá verið þennan dag á Þingvöllum.⁷ Það var dágóður mannfjöldi. Fólk dreif alls staðar að til þess að lita konung augum og sjá þetta mikla sjónarspil landstjórnarinnar. Öllum bar saman um að kóngur væri ósköp alþýðlegur og ráðherrann Hannes Hafstein afar glæsilegur, jafnvel konungi líkur.



Veitingamaðurinn Pagh (efst til hægri) ásamt „det flyvende forpeljningskorps“. Júlíana Sveinsdóttir er sennilega í annarri röð, fjórða frá hægri, Sigurveig systir hennar sömuleiðis í annarri röð, önnur frá hægri. Ljós m.: Þjóðminjasafn Íslands.

5 Leifur Sveinsson, „Hekluveðrið 1966, Hesta-Bjarni og Konungskoman 1907“, *Morgunblaðið*, 18. febrúar 2007, s. 42.

6 Svend Poulsen og Holger Rosenberg, *Islandsfærden: ombord og iland under Kongens og Rigsdagsmændernes Rejse til Færøerne og Island i sommeren 1907* (København 1907).

7 *Reykjavík. Ið löggilta blað til stjórnarvalda-birtinga á Íslandi*, VIII, 59-60, s. 189.

Landstjórnin fékk hins vegar miklar ákúrir fyrir eyðslusemi í sambandi við konungskomuna. Hún kostaði líka mikið, eða um 15% af heildarútgjöldum ársins, og átti nokkurn þátt í mikilli skuldasöfnun landstjórnarinnar. Skipulagið fór nokkuð úr skordum, svo sem frásögn Daníels Daníelssonar hestamanns ber með sér, en hann segir einnig frá því að Pagh veitingamaður hafi verið mikill eyðsluseggur: „Á gisti- og áningastöðum féllu svo miklar matarleifar til, að þær nægðu ekki aðeins til að sedja okkur, heldur mundu þær á sumum stöðum a.m.k. hafa nægt til að troðfylla einu sinni alla hreppsþúa í meðalstórum hreppi.“⁸

Konungskoman og allur sá útlendi mannfjöldi, sem henni fylgdi, var íslenski alþýðu eflaust mikil upplýfting og sumir komust í uppgripavinnu kringum hestana eða annað stúss. Mikið var rætt um konungskomuna í blöðum og manna á meðal, og segja má að útlönd hafi allt í einu verið komin inn á stofugólf Íslendinga. Sumum

þótti reyndar nóg um og bentu á að ekki sæmði að sýna þau flegulæti sem ýmsir voru taldir hafa sýnt af sér, þar á meðal þingmenn. Aðrir átöldu alþýðuna fyrir álappalega framkomu. Blaðið Reykjavík, sem fylgdi ferðum konungs vel eftir, sá ástæðu til þess að setja ofan í við landsmenn: „Annars kunnir fólk sig lítt þar sem konungur fór hjá, konur stóðu eins og dæmdar og karlmennirnir að vanda þegjandi með höndur í vösum. Er það ljótur siður og leiddinlegur.“⁹



Konur vaska fisk á Bildudal kringum aldamótin 1900. Ljósni.: Þjóðminjasafn Íslands.

Árið 1907 var orðin nokkur þéttbýlismyndun í landinu sums staðar við sjávarsíðuna og voru það einkum auknar fiskveiðar og vinna við skip og fiskverkun sem laðaði fólk að. Konur gengu gjarnan til erfiðustu verkanna, svo sem frægt er orðið af kolaburði kvenna í Reykjavík. Laun þeirra voru um helmingur af launum karlmannna, jafnvel

fyrir sömu störf. Í kaupstöðum vann fjöldi kvenna utan heimilis, gjarnan árstíðabundið, bæði giftar konur og ógiftar, og var fiskvinnan sú atvinnugrein sem flestum konum bauðst. Það var mikil erfiðisvinna og einkum var fiskþvotturinn mikil þolraun en þá stóðu konur úti í nánast hvaða veðri sem var við fiskikörin. Árið 1907

8 Daniel Daníelsson, „Konungskoman 1907“, *Mánasílfur* (Reykjavík 1980), s. 40.

9 *Reykjavík*, VIII, 61, s. 191.

höfðu verið stofnuð nokkuð mörg verkalýðsfélög í landinu, þar á meðal verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík árið 1906, en forystumenn þess félags vildu ekki konur innan sinna vébanda.¹⁰ Svo var um fleiri félög verkamanna. Aðeins fjögur félög, sem stofnuð voru fyrir árið 1914, höfðu konur innan sinna vébanda, og þar af lognuðust tvö þeirra mjög fljótt útaf. Verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði var stofnað snemma árs 1907 og hafði strax frá fyrsta degi konur innan sinna vébanda. Á útmánuðum (snemma vors) auglýsti félagið kauptaxta sem olli lítilli mótspyrnu meðal atvinnurekenda – að undanskildu því að þeir vildu ekki fallast á ákvæði um kaup kvenna. Þær lögðu þá niður vinnu. Þetta er fyrsta vinnustöðvun sem sögur fara af á Íslandi af hálfu skipulagðra hópa eða samtaka og gæti því kallast fyrsta verkfallið. Það stóð þó ekki lengi, aðeins dagspart, því atvinnurekendur sáu sitt óvænna vegna rigningar og gengu að kröfunum.¹¹ Við samningana hækkðu tímalaun verkakvenna í Hafnarfirði úr 12½ eyri í 15 aura. Tímalaun verkamannanna varð hins vegar 25-30 aurar.¹² Þess má svo geta að næsta verkfall á Íslandi varði öllu lengur eða í nær einn og hálfan mánuð. Fyrir því stóðu einnig hafnfirskar verkakonur árið 1912 þegar atvinnurekendur neituðu enn á ný að fallast á kröfur Hlífar varðandi kaup kvenna. Konurnar lögðu niður vinnu 1. mars og sneru ekki aftur fyrr en 11. apríl er gengið hafði verið að kröfu þeirra.¹³

Ekki er víst að almenningur á Íslandi hafi frétt af verkfallinu 1907, því ekkert var skrifað um það í blöð. Það sýnir hins vegar að miklar breytingar lágu í loftinu þegar Friðrik VIII reið um landið. Ef til vill má segja að konungskoman 1907 og það mikla umstang, sem henni fylgdi, sé táknræn fyrir það sem lá í loftinu á Íslandi. Breytingar voru á öllum sviðum, miklu meiri og hraðari en menn gat órað fyrir. Þær náðu einnig til kvenréttinda og á árinu 1907 bar engan skugga þar á; sólin skein þvert á móti í heiði. Það má jafnvel halda því fram að konungskoman hafi að einhverju leyti markað þáttaskil í sjálfsmynd Íslendinga, bæði karla og kvenna, en sennilega aðallega karlmanna. Hún sýndi svo ekki varð um villst, að Íslendingar gátu tekið á móti stórum hópi tiginna gesta kinnröðalaust og hlotið lof fyrir. Hún sýndi einnig að þjóðin átti einstaklinga sem stóðust öðrum þjóðum samanburð á sviði framgöngu, limaburðar og glæsileika. Þetta hlaut að auka enn við sjálfstraust þjóðarinnar, sem virðist annars hafa verið á hraðri uppleið ef marka má hinn mikla stuðning sem

10 Sjá *Vinnan*, 6.-7. tbl. 1943.

11 Ásgeir Guðmundsson, *Verkakvennafélagið Framtíðin 60 ára, 1925-1985* (Verkakvennafélagið Framtíðin 1985). Einnig „Samtal við Sigríði Erlendsdóttur“, *Alþýðublað Hafnarfjarðar*, 4. tbl. Júní 1975.

12 Sjá Auður Styrkarsdóttir, *Kvennaframbóðin 1908-1926* (Reykjavík 1982), s. 24.

13 Sjá *Kvennablaðið*, 11. apríl 1912.

kvenréttindamálið fékk í röðum allra landsmanna, einnig karlmannna. Árið 1907 má því skoða sem draumaár, jafnvel nokkurs konar forsal að væntanlegu jarðnesku himnaríki fyrir landsins konur og karla.

Júlíana Sveinsdóttir, sem hér hefur nokkuð verið minnst á, hefur því tæpast þurft að kvíða neinu þar sem hún stóð í hinum fríða hópi kvennaskólustúlkna og í sveit framreiðslustúlkna við konungskomuna. Lærði skólinn stóð henni opinn – ef hún aðeins átti sterka að og löngun til, og kosningarétturinn virtist í aðsigi fyrir allar landsins dætur. Allar dyr voru að opnast.

Júlíana skrifaði ekki ævisögu sína og það gerði heldur engin önnur kona á þessum tíma. Það hefði óneitanlega verið dýrmætt að eiga minningar Júlíönu eða annarra kvenna um konungskomuna. Ég hef hins vegar ekki rekist á neina frásögn eftir konu um þennan atburð, að undanskildum skrifum Bríetar Bjarnhéðinsdóttur í *Kvennablaðið* en þar sagði hún frá dansleik þeim með „standandi kveldverði“ sem bæjarstjórnin hélt kóngi til vegs þann 8. ágúst.¹⁴ Júlíana Sveinsdóttir stóð þar eflaust vaktina ásamt systur sinni og öðrum ungum íslenskum framreiðslustúlkum. Bríet hafði það eftir útlendu gestunum í blaði sínu að þeir hefðu víða verið á finum stórum dansleikjum, en hvergi þar sem allur útbúnaður hefði verið jafn snotur og í alla staði allt gengið jafn vel. Þetta var síðasta þolraun framreiðslustúlkanna, sem hlutu sæmdarheitid „det flyvende forplejningskorps“ hjá dönsku blaðamönnunum.¹⁵ Næsta kvöld bauð konungur til veislu í skipi sínu og notaði þá eigið starfslíð, og sigldi því næst skipi sínu til Ísafjarðar.

Af Júlíönu Sveinsdóttur er annars það að segja að hún sigldi til Kaupmannahafnar árið 1909 og sótti einkatíma í teikningu og málalist þar til hún komst inn í Kunstakademiet árið 1912.¹⁶ Hún var búsett í Kaupmannahöfn upp frá því, að undanskildum árunum 1928-1929 er hún dvaldi á Íslandi og byggði sér meðal annars húsið að Bergstaðastræti 72. Hún lést árið 1966 og var aska hennar jarðsett í gróf móður hennar í Vestmannaeyjum. Júlíana komst fljótt í fremsta hóp listamanna, bæði hérlendis og í Danmörku. Hennar verður minnst sem slíkrar um ókomna tíð. Það er óneitanlega freistandi að velta því fyrir sér hvaða framtíð hefði beðið Júlíönu hefði leið hennar ekki legið í Kvennaskólann undir handarjaðar Ingibjargar H. Bjarnason. Listamanskja hefði hún alla vega ekki orðið, og um frekara nám hefði tæpast verið að ræða hjá þessari hæfileikaríku stúlku.

14 *Kvennablaðið*, 10. ágúst 1907.

15 Svinn Poulsen og Holger Rosenberg, *Íslandsferden*, s. 95.

16 Hrafnhildur Schram, „Júlíana Sveinsdóttir 1889-1966“, *Skírnir* 1990, 164 (vor), s. 243-244; Leifur Sveinsson, „Júlíana Sveinsdóttir listakona. Minning“, 19. júní 1966, s. 5; *Morgunblaðið*, 19. apríl 1966, s. 1; Ólöf Pálsdóttir, „Júlíana Sveinsdóttir listmálari. Minningarorð“, *Morgunblaðið*, 23. apríl 1966.

Mark Cohagen

Ferðamenn á Íslandi

Þegar Kristján IX Danakonungur kom til Íslands sumarið 1874 sem verndari hátíðar í tilefni þess að þúsund ár voru liðin frá landnámi Íslands voru aðstæður hér enn með þeim hætti að ferð hingað til lands var fremur leiðangur í landkönnunarskyni en ferð til skoðunar eða útivistar. Þegar lítið var til þess, að nærri heil öld var þá liðin frá því að einn af fyrstu landkönnuðunum, John Stanley, gaf út ferðabók eftir heimsókn sína til landsins, hafði harla lítið í innviðum Íslands breyst, en þetta er þó skiljanlegt. Skiljanlegt vegna þess að hvorki íslenskir landeigendur né dönsk stjórnvöld höfðu mikið aðhafst til að bæta aðstæður í landinu eða kjör landsmanna umfram það sem þeim sjálfum reiknaðist vera þörf á. Enn urðu flestir þeirra, sem hugðust eyða tíma á Íslandi, að sigla með póstbátunum, en vist í þeim var óþægileg og ferðir þeirra strjálar; þegar komið var til landsins takmörkuðust gistimöguleikarnir af þeim fjölda heimahúsa þar sem gisting var í boði. Oftast voru þetta litlir bæir með lítið pláss og gistiadstöðu og erfitt var að ferðast milli þeirra sökum þess hvað vegir voru fáir, þeim illa við haldið og brýr ennþá færri. Þegar Friðrik VIII Danakonungur sótti Ísland heim 33 árum síðar hafði mikið breyst og landið var smátt og smátt að taka á sig mynd sem einstakur áfangastaður hins heppna ferðalangs og einnig dugminni frænda hans, ferðamanns nútímans, túristans.

Þeir útlendingar, sem hættu sér út í misjöfn veður til að berja Ísland augum á seinni hluta 19. aldar tilheyrdðu sérstökum hópi. Ekki voru þeir endilega harðgerri en gestgjafarnir á Íslandi, en langflestir nutu þeir greinilega meiri forréttinda. Enginn ákvað upp úr þurru að leggja upp í Íslandsferð, og ferðin sjálf var langt frá því að vera ódýr. Hún útheimti mikinn undirbúning og ennþá meiri peninga. Hinn dæmigerði



Konungsleiðangur fetar sig upp Kambana. Ljós.: Magnús Ólafsson. LSR.

Íslandsfari var karlkyns og kom með ákveðið markmið í huga, að halda á vit ævintýra. Hann hafði laðast að landinu sökum fornsagnanna, hrikalegrar náttúru landsins, einstakrar jarðsögu þess, alls þess stórkostlega sem hér beið útivistarfólks eða einfaldlega vegna þess að hér var að finna Ultima Thule, land miðnætursólarinnar og norðurljósanna. Enginn þessara ferðamanna hefði látið sér detta í hug eitt augnablik að koma til Íslands til þess eins að gaufa í Reykjavík og njóta þess litla sem hún hafði upp á að bjóða. Þó vill svo einkennilega til að Ísland var einnig nokkuð vel sótt af djarfhuga kvenkyns ferðalöngum, sem sumar sigldu einar til landsins en ferðuðust iðulega með öðrum þegar hingað var komið. Sennilega er Ida Pfeiffer frægust þeirra kvenna sem skrifuðu um ferðir sínar, og reyndar ferðaðist hún ein síns liðs. Aðrar, svo sem Mary Disney-Leith, Elizabeth Jane Oswald, Jane Blackburn, Ethel Tweedie og L. F. K. von Thiele, skrifuðu allar áhugaverðar bækur eða greinar um ferðir sínar og allar þeirra, nema Ida Pfeiffer, nutu dvalarinnar á Íslandi til fulls. Svo hugfangin var Mary Disney-Leith af sérstöðu þess sem hún sá hér að hún sótti landið oftar heim.

Af útgefnum ritum að dæma virðist sem Bretar hafi verið í meirihluta Íslandsfara á þessu tímabili. Bækur og greinar þeirra eru um margt dæmigerðar fyrir skrif Viktoríu-tímabilsins og bera með sér stífni og þröngsýni. Íslandsfarar frá öðrum löndum í Evrópu, sem notuðu þessi skrif sem handbækur á ferðum sínum um landið, geta þess með ákveðinni fyrirlitningu í eigin ferðabókum og fullyrða jafnvel, að skrif Bretanna séu uppfull af ýkjum og jafnvel hreinum lygum. Samt sem áður eru fyrrnefnd skrif bestu uppflettiritin um þetta tímabil, og eru nokkuð samhljóða í lýsingum sínum á landi og þjóð, þrátt fyrir augljósa anmarka. Hafa ber í huga að allt fram til ársins 1882, þegar William George Lock gaf út *Guide to Iceland*, var engar upplýsingar um landið að fá utan lýsinga ferðamanna sem höfðu heimsótt landið á árum áður, en þær voru sumar hverjar orðnar hátt í hálftrar aldar gamlar. Leiðsögubók Lock hafði ekki aðeins að geyma hagnýtar upplýsingar fyrir ferðamenn og útivistarfólk; henni var skipt í fjóra hluta til að auðvelda mönnum að fletta upp í henni. Lock gaf gagnlegar lýsingar á sex stöðluðum leiðum um landið, svo og á hálendisferðum fyrir hugaðri ferðamenn, og bók hans hafði að geyma allsæmilegt Íslandskort sem W. & A. K. Johnston of Edinburgh and London gaf út en var í raun byggt á korti Björns Gunnlaugssonar frá 1848 (1844). Þetta markaði upphaf útgáfu ferðahandbóka um Ísland, og lagði um leið hornstein að ferðamennsku til landsins, þar sem nú var komin leið til að lokka hinn venjulega ferðamann, túristann, til Íslands í stutta ferð. Fleiri ferðabækur fylgdu fljótt í kjölfarið. Hand-Book eftir Murray, Sportsman's and Tourist's Handbook eftir Turnbull, Cook's Tourist's Handbook, handbækur Baedeker á þýsku og ensku og The Traveller's Guide, sem Sameinaða gufuskipafélagið gaf út, komu allar út áður en Friðrik VIII Danakonungur kom til Íslands í opinbera heimsókn sumarið 1907. Til

Þess að ferðamennska þróist úr landkönnunarleið-
öngurum yfir í almenna ferðamennsku og skemmti-
ferðamennsku þarf meira til en ferðahandbók; hins
vegar er útgáfa slíkrar ferðahandbókar ákveðin vís-
bending um að sú þróun sé hafin. Á Íslandi var þessi
þróun bæði hæg og erfið.

Eina leiðin til og frá Íslandi var með skipi. Þegar
norski sagnfræðingurinn Gustav Storm undirbjó ferð
til Íslands til þess að vera viðstaddur hátíðarhöld
vegna þúsund ára byggðar á Íslandi ætlaði hann
upphaflega að fara með skipi sem flutti vesturfara frá
Björgvin til Ameríku, með viðkomu á Akureyri til að
taka nokkrar íslenskar fjölskyldur um borð. Vegna
fléttu óhagstæðra atburða, sem helst mátti rekja til
þess að ekkert ritsímasamband var við Ísland,
neyddist hann á síðustu stundu til að breyta áætlun
sinni. Með aðstoð Jóns Sigurðssonar fór hann beint til

Kaupmannahafnar þar sem hann náði danska póstbátnum Diana, sem var að leggja
upp í Íslandsferð. Á þeim tíma var Diana eina skipið sem var í opinberum
áætlunarsiglingum til Íslands frá nokkru öðru landi. Haldið var úti hálfsmánaðar-
áætlun, aðeins hluta úr ári, og siglingin frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, með
viðkomu í Leith og Þórshöfn í Færeyjum, tók yfirleitt sjö daga. Auk þess sigldu
nokkur kaupskip reglulega til Íslands, ýmist í einkaeign eða samkvæmt verktaka-
samningi, en ekki var algengt að ferðamenn færu með þeim.

Árið 1881 hóf félagið Messrs R. & D. Slimon áætlunarsiglingar á hálfsmánaðar fresti
milli Leith og Reykjavíkur á sumar- og haustmánuðum. Þessar siglingar voru fyrst og
fremst ætlaðar þeim vaxandi fjölda Íslendinga sem fluttist til Norður-Ameríku, en
skipin fluttu einnig fólk af öðru þjóðerni til og frá Íslandi á sanngjörmu verði. Árið
1883 komu skipin Thyra og Laura í staðinn fyrir Diana og Sameinaða gufuskipafélagið
hélt einnig uppi áætlunarsiglingum milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur. Árið
1906 hafði Sameinaða gufuskipafélagið aukið þjónustuna og réð þá yfir fimm
gufuskipum sem fóru þrjátíu ferðir á tímabilinu frá febrúar til desember. Skipin voru
fremur lítil og tóku ekki fleiri en 30 farþega í einu, alla í káetum. Til samanburðar var
Ophir, 7.000 tonna skemmtiferðaskip í eigu P & O Line sem sigldi fyrir Thomas Cook
& Co. og hafði viðkomu í Reykjavík í þrjá daga í ágúst 1899, með 231 farþega um
borð. Var þetta upphaf þróunar í ferðamannaþjónustu fyrir þá sem vildu fara á
óvenjulega staði á norðurslóðum. Ári seinna kom systurskip Ophir, Cuzco, til



Ríðið yfir Laxá. Ljósni.: Pétur Brynjólfsson. Þjms.

Reykjavíkur, og árið 1905 hóf Hamburg American Line árlegar siglingar til Íslands með allt að 300 farþega í hverri ferð. Þótt ferðir yrðu æ tíðari og skipin stærri voru siglingar um Norður-Atlantshafið aldrei auðveldar. Jafnvel að sumarlagi gátu veður verið válynd. Nærri því allir, sem sömdu ferðabækur á nítjándu öld og komu til Íslands með póstbátunum, hrepptu storma á leiðinni og allir kvörtuðu þeir undan stanslausum báruslætti á kinnunga skipanna sem stóð yfir dögum saman og virtist engan endi ætla að taka, að því er þeim fannst. Á óvart kemur að þetta er hvergi nefnt í ferðahandbókunum.

Þegar komið var til Reykjavíkur gafst yfirleitt lítill tími til hvíldar áður en ferðamaðurinn lagði upp í ferðina á áfangastaðinn. Árið 1874 var ekkert hótél í Reykjavík, en með kynningarbréf upp á vasann var hægt að fá inni í heimahúsi. Árið 1882 voru komin tvö lítil hótél. Þegar Friðrik VIII Danakonungur sótti landið heim árið 1907 voru komin nokkur hótél í viðbót, svo sem Hótél Rauðará, Hótél Reykjavík, Hótél Geysir og Hótél Ísland, sem Góðtemplarafélagið átti og rak. Að jafnaði dvöldu erlendir ferðamenn á landinu í um hálfan mánuð, sem dugði varla til að sjá „ljónin þrjú“, þ.e. Þingvelli, Geysi og Heklu, og ná aftur til Reykjavíkur tímanlega til að taka næsta skip heim. Flestir þeirra ferðalanga sem skrifuðu ferðasögur dvöldu mun lengur á landinu, og fóru auðvitað víðar, en til þess þurfti meiri útbúnað og fjármuni og auk þess leiðsögumann með meiri kunnáttu en stóð flestum ferðamönnum til boða. Hins vegar þurftu allir sem á annað bord ferðudust út fyrir Reykjavík að hafa góðan fatnað með tilliti til snöggra veðra- og hitabreytinga; hver og einn þurfti tvo reiðhesta fyrir sjálfan sig og nægar vistir, tvo reiðhesta fyrir leiðsögumanninn, sem oft og tíðum var reynslulítill í hlutverkinu þótt kunnáttan væri fyrir hendi, og burðarklár fyrir sjálfan sig. Burðarklárinn bar ekki meira en 73 kg af fatnaði og vistum, sem komið var fyrir í tveimur trékössum af staðlaðri gerð; voru þessir helst með zinklagað innan til að koma í veg fyrir að innihaldið blotnaði. Ætlaði ferðalangurinn að fara lengra en að berja „ljónin þrjú“ augum hafði hann einnig með sér tjald og meiri vistir. Auk alls þessa tóku útivistarferðalangarnir með sér allan veiðiútbúnað, og allt fram til ársins 1894 máttu þeir einnig flytja með sér hunda inn í landið. Einföld Þingvallaferð tók heilan dag, hvort sem hún var farin árið 1874 eða 1907, en trúlega var hún ekki eins lýjandi á seinna árinu, þökk sé þeim úrbótum sem þá höfðu verið gerðar á vegakerfinu, einkum á árunum eftir 1894.

Þingvallavegurinn var löksins fullgerður árið 1907, en hafði þó verið sæmilegur yfirferðar árið 1896, en það ár var einnig hægt að ríða Almannagjána hindrunarlaust. Það sama ár hjólaði Maxime Delahet, yfirmaður í franska sjóhernum, frá Reykjavík til Þingvalla á aðeins fimm klukkutímum! Þingvallavegur var þó undantekning frekar

en hitt varðandi ástand vega almennt. Það var ekki fyrr en árið 1875 að Alþingi Íslendinga samþykkti fyrstu vegalögin, og þá aðeins til að ákvarða ábyrgð ríkis og sveitarfélaga í þeim efnum. Aðeins örfáir vegir voru skilgreindir sem almenningsvegir; flestir voru vegirnir á ábyrgð landeigenda og var viðhald þeirra því einstaklingsframtak á eigin kostnað, sem átti að mæta með vegatollum. Þrátt fyrir lagaákvæði þess efnis fór framkvæmdin sjaldnast eftir því, og afleiðingin var vegakerfi sem var illa við haldið. Alþingi Íslendinga viðurkenndi þessa annmarka og samþykkti ný lög árið 1887 og aftur árið 1893, en þetta voru frekar tilraunir til að skapa ramma heldur en að raunverulegum framkvæmdum væri hrundið af stað. Þótt ekki væri um glæsilegan árangur að ræða voru gerðar nokkrar umbætur sem komu sér vel, einnig fyrir ferðamenn. Árnar á nokkrum mikilvægum leiðum voru brúaðar, og leystu brýrnar af hólmi óáreiðanlegar ferjur og því þurfti ekki lengur að leggja sig í hættu við að ríða eða sundriða árnar. Samt sem áður fannst mönnum sem þessar úrbætur kæmu of seint, þótt þokaðist í rétta átt.

Ferðamennirnir sem sóttust eftir sérstöðu Íslands, litu á landið sem sitt eigið leyndarmál og töldu það litlu máli skipta þó færa yrði fórnir – ekki síst peningalegar – þegar hugsað var til þess hvað þeir græddu á þeirri sérstöku lífsreynslu sem Íslandsferð væri.

Þúsundir manna voru saman komnar til að fagna Friðriki VIII Danakonungi þegar hann steig á land í Reykjavík í júlí 1907. Meðal þeirra voru margir ferðamenn, en sumir þeirra voru komnir langt að í þeim tilgangi að taka þátt í hátíðinni. Bærinn var því miður ekki enn búinn undir að taka á móti svo mörgum í einu og áttu jafnvel sumir þeirra sem boðið var formlega sem hátíðargestum erfitt með að finna viðeigandi gistingu. Þeir sem voru svo heppnir að hafa undirbúið sig með nægilegum fyrirvara og fylgdu konungi á ferðum hans út á land voru vitni að upphafi nýrra tíma, þótt þeir hafi trúlega ekki orðið þess áskynja þá. Í þröngri gístaðstöðu, og fjarri þægindum eigin heimila, áttu þeir fullt í fangi með að halda sig á hestbaki allan daginn í sjö daga samfleytt. Vagnar voru eingöngu notaðir undir vistir. Þrátt fyrir öll óþægindin sneru aðeins örfáir við, þar á meðal nokkrir Íslendingar, en einn gestanna, danskur fréttamaður, lét lífið í ferðinni. Hópurinn var vissulega mjög heppinn með veður og eins voru vegirnir miklum mun betri en þeir sem Kristján IX hafði orðið að þola 33 árum áður. Útbúinn ferðahandbók og korti gat ferðamaðurinn, útivistarfólkið og loks túristinn farið óhindrað um landið, sem nú var orðið greiðfærara. Ferðin á staðina frægu var jafnvel orðin uppspretta ánægju frekar en þolraun.



Friðrik VIII og Lovisa drottning.

Þrjár grágrýttissteinar uppi í hlíð

Mér er ekki kunnugt um að neinar skoðanakannanir hafi verið gerðar um það hvaða kóngur danskur hafi verið vinsælastur meðal Íslendinga, né að kannað hafi verið hver þeirra var óvinsælastur. Og sjálfsagt eru engar svona kannanir til, en samt segir mér svo hugur um að þeir feðgar Kristján IX og Friðrik VIII hefðu lent ofarlega í þeirri Gallup-könnun ef til hennar hefði verið efnt. Fyrst vegna þess að þeir heimsóttu Ísland og sýndu af sér snið sem landanum líkaði; eins og þegar konungur nennti ekki að láta aka sér í vagni um Suðurland; fór riðandi. Notaði þannig varla kóngsveginn eins og til var ætlast þótt hann kæmi sér vel þegar vistir voru fluttar um Suðurland til að fódra hersinguna í konungsheimsókninni 1907.¹ Konungskoman 1907 er reyndar eina konungskoman sem alltaf er nefnd því nafni með greini og helst stórum staf líka; þar urðu pólitísk kaflaskil.

Matthías Jochumsson hafði tal af þeim feðgum báðum: „Ég átti tal við þá báða konungana, Kristján 9. og Friðrik 8. bæði erlendis og hér á landi og má því trútt um tala. Kristján var hnifréttur hermaður og „aristokrat“ að eðli, en enginn andans maður ... stírdur til máls og eins og óvanur að mæla margt við eða umgangast alþýðufólk. Sonur hans aftur á móti var öðlingur í lund, vel menntaður og málsnjall og svo auðveldur og aðlaðandi, sem „formið“ ýtrast leyfði.“²



Steinn Friðriks VIII. Ljósmynd: Sigurður Skagfjörð.

- 1 Vegurinn kostaði víst 14% af fjárlögum ársins segir Gísli Sigurðsson í Morgunblaðinu: „Sumarið 1907 var gengið frá vagnfærum vegi frá Þingvöllum, austur um Laugardal og að Geysi, en þaðan yfir Hvítá á Brúarhlöðum og fram Hrunamannahrepp og allt til Þjórsárbrúar. Þetta var risavaxin framkvæmd, öll unnin með handverkfærum og kostaði 14% af fjárlögum á sínum tíma.“ *Morgunblaðið* 25. mars 2007.
- 2 Þorsteinn Thorarensen, *Í fótspor feðranna*. Reykjavík, 1966, bls. 98.

Í lok janúar 2006 voru liðin 100 ár frá því að Friðrik VIII kom til valda og glöggur maður benti mér á að þessa hefði auðvitað átt að minnast sérstaklega, sem var ekki gert því miður. En á þessu ári eru liðin 100 ár frá konungskomunni miklu og þess verður vonandi minnst með margvíslegum hætti. Á þessu ári er opnuð sýning og á næsta ári er von á enn meiri tíðindum eða eins og segir í ávarpi forseta Íslands í þessu riti: „Á næsta ári fáum við væntanlega tækifæri til að fagna Friðriki krónprinsi og Maríu krónprinsessu í sérstakri heimsókn þeirra til Íslands. Þá verða tilefni til að víkja aftur að frægðarför forföður hans og nafna. Ég veit að Friðriki krónprinsi finnst sú saga forvitnileg.“ Það vill svo til að sá sem hér er við tölvu skrifandi hefur rætt þetta við prinsinn „sem „formið“ ýtrast leyfði“; Friðrik krónprins hefur mikinn áhuga á því að koma til Íslands. Þá væri gaman að endurtaka eitthvað af ósköpunum frá 1907 þó að þau hjónakornin hann og María með ung börn tvö verði varla vikum saman í ferðinni að ári.

Friðrik VIII var talinn fyrsti lýðræðissinninn þeirra konunga er til þess tíma höfðu setið að völdum í Danmörku. Er Karl sonur hans, síðan Hákon, varð Noregskonungur sagði hann: „Sonur minn, hafðu það hugfast, að engin ríkisstjórn getur fundið styrk til að framkvæma ábyrgðarmikið hlutverk sitt nema hún hafi þjóðina örugglega á bak við sig.“³ Friðrik VIII hafði feiknalegan áhuga á Íslandi sem meðal annars birtist í því að hann lagði það á sig að reyna að læra íslensku. Það var íslenskur stúdent og jafnaldri hans, Þorleifur Jónsson síðar prestur á Skinnastað sem dvaldist við nám í Kaupmannahöfn, er var fenginn til að kenna krónprinsinum íslensku í aukatímum. Hann sýndi svo áhuga sinn á Íslandi og íslenskum málefnum hvað eftir annað.⁴ Og fyrir því má færa rök að kynni hans við Hannes Hafstein hafi ráðið miklu um þær stjórnarbætur er síðar urðu til þess að Ísland varð fullvalda og seinna lýðveldi á þeirri öld sem þarna var að hefjast.⁵ Það væri reyndar skemmtilegt viðfangsefni út af fyrir sig að kanna sérstaklega hver var þáttur Friðriks VIII beinlínis í stjórnarbótum þeim sem urðu í annars allt of stuttri valdatíð hans því hann var aðeins konungur í sex ár og hann fór einmitt til Íslands fyrsta heila árið sem hann var konungur landsins.

Fimmtíu metrum eða svo ofan við Geysi hinn mikla eru þrír steinar. Eins og þeir voru orðnir litu þeir eiginlega út eins og hvert annað stórgrýti. Þó mátti við aðeins nánari skoðun finna á þeim áletranir. Á einum stendur C með IX innan í og fyrir neðan ártalið 1874. Það er steinninn sem reistur var er Kristján IX kom til Íslands

3 Sama rit, bls. 102-103.

4 Sama rit, bls. 103.

5 Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur. Ævisaga Hannesar Hafstein*. Reykjavík, 2005, bls. 444.

með „frelsisskrá í föðurhendi“; hann kom til landsins 30. júlí og með honum í för margt merkra manna, meðal annars Steenstrup náttúrufræðingur sem var náinn samstarfsmaður Jónasar Hallgrímssonar.

Við hlið þessa steins er svo steinn til minningar um komu Friðriks VIII, þess konungs sem átti eftir að setja sterkast mark Danakonunga á íslenskt þjóðlíf. Þeir sem hafa langa hríð starfað að stjórnmálum þekkja að persónuleg kynni geta öllu skipt; margt bendir til þess að persónuleg kynni þeirra Hannesar Hafstein og Friðriks áttunda hafi ráðið úrslitum um það sem síðar varð í sjálfstæðismálum Íslendinga, fullveldi og seinna lýðveldi aðeins 37 árum síðar.

Kristjáni X. er merktur þriðji steinninn. Hann kom til Íslands með drottningu sinni; þau stigu á land 26. júní 1921. Með þeim hjónum voru prinsarnir Knútur og Friðrik, sá síðarnefndi krónprins og varð seinna konungur Danmerkur. En aldrei konungur Íslands. Kristján X kom fjórum sinnum til Íslands sem konungur landsins.

Þrír steinar. Og nú hefur Dansk-íslenska viðskiptaráðið ákveðið að beita sér fyrir því að þeir verði skirðir upp og þeim sómi sýndur. Vonandi verður einvern tímann lagður góður göngulóði að steinunum svo þá megi skoða við öruggar aðstæður.

Þór Sigmundsson steinsmiður, menntaður frá Haslev Hándværkerskole á Sjálandi, á allan heiður af því að hafa gert steinunum til góða þannig að þeir munu fljótlega allir þrír langfedgarnir líta út eins og nýslegnir túskildingar; allir jafnskýrir þó að þeir séu nokkuð misaldra.

Sigurður Skagfjörð Sigurðsson, sem er einn af forgöngumönnum steinamálsins nýja, lýsir þessu svona í tölvupósti til undirritaðs: „Sverrir Runólfsson gerði líklega steininn 1874. Hann var „brolægger“ og því ekki eiginlegur „stenhugger“. Hann gerði Skólavörðuna og einnig Þingeyrakirkju. Hann drukknaði ásamt hundi sínum fyrir utan Þingeyrar. Julius Schou kom hingað til lands ásamt 2 eða 3 Dönnum til þess að höggva steina í Alþingishúsið. Júlíus flengdist á Íslandi, hinir fóru heim. Hann eignaðist íslenska



Þór Sigmundsson steinsmiður og Sigurður Skagfjörð Sigurðsson við stein Kristjáns X. Ljós.: Sigurður Skagfjörð.

konu og son sem dó 14 ára og eru þau mæðgin grafin í Hólavallargarði. Hann gerði legstein yfir þau. Júlíus var á Íslandi fram að áttæðu en fór þá til baka til Danmerkur. Þór steinsmiður telur að Júlíus hafi höggvið konungssteininn 1907.“ En ekki hefur Júlíus gert steininn frá 1874 því hann kom ekki til Íslands fyrr en hálfum áratug seinna eða svo til að vinna við byggingu alþingishússins. Þannig er ekki vitað hver gerði fyrsta steininn og heldur ekki vitað hver borgaði. Það verður nú kannað rækilega. En steinarnir eru úr hliðinni fyrir ofan Haukadal.⁶


Í bókinni *Íslandsferðin 1907*, sem kom út á íslensku 1958, í þýðingu Geirs Jónssonar, er fjallað ítarlega og skemmtilega um ferðina frá upphafi til enda. Bókina skrifuðu blaðamennirnir Svinn Poulsen og Holger Rosenberg. Bókin hefst á frásögn af steinum tveim og þar er mynd af nýjasta steininum sem þá var frá 1907. Í upphafi bókarinnar segir:

„Tveir steinar til minja um konungskomur rísa nú við Geysi. Í 33 ár hefir steinninn, reistur til minja um Íslandsferð Kristjáns níunda, staðið einmana en óbifanlegur, þrátt fyrir frost og funa og hamfarir jarðar. Lítt var gaumur gefinn þessu sýnilega styrkleikatákni hins nýja tíma, sem hófst með fyrstu Íslandsferð Danakonungs. En jafnframt átti það að vera áminning um, að þarna var verk hafid, er komandi kynslóðir skyldu efla og styrkja. Á þessum nýstárlega stað, frægum jafnt í sögu lands sem þjóðar, rís nú annar minjasteinn. Þaðan er svo stórfenglegt útsýni, að varla verður betur á kosið. Skiptast á snækrýndir jöklar, eldfjöll í fjarska, fljótumskorið haglendi og heitar laugar, vellandi upp úr iðrum jarðar. Steinninn nýi er hrjúfur eins og sá eldri, aðeins greyptur fangamarki og ártalinu 1907. En samur er þó styrkurinn og óbifanleikinn til merkis um, að heitin frá 1874 skuli ekki falla í sjó gleyskunnar. Þarna standa þeir báðir, annar kenndur við Friðrik áttunda, hinn við Kristján níunda, og munu standa hlið við hlið, óraskanlegir þrátt fyrir hverskonar rót, sem í framtíðinni mun eiga sér stað á Sögueyjuni fornu.“⁷

Þrír steinar til minningar um komu þeirra konunga til Íslands sem hingað komu í því hlutverki að vera konungar þessa lands. Þrír steinar úr íslensku grágrýti. Það eru skemmtileg minningamörk sem segja það sem þarf. Það er skoðun höfundar að þeir eigi að fá að vera þarna þrír og að ekki þurfi endilega að bæta neinu við. Næsta sumar, 2008, komast þau krónprínshjón vonandi að þessum steinum. Krónprínssinn er sonur Margrétar sem heitir líka Þórhildur af því að henni var nafn gefið meðan löndin voru enn í þjóðhöfðingjasambandi; það var vorið 1940. Þannig er þráður í sögunni – er og verður.

6 Tölvupóstur og símtöl við Þór og Sigurd 16. maí 2007.

7 Poulsen, Svinn og Rosenberg, Holger, *Íslandsferðin 1907*, Reykjavík, 1958, bls. 9-10.





Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland



Þjóðskjalasafn Íslands
National Archives of Iceland

„Aukinn skilning mun hún færa oss, þessi Íslandsferð“



Heimsókn Friðriks VIII Danakonungs til Íslands 1907